

Fundargerð 29.mars. 2005
4. fundur á árinu, 10. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005
Staður: Myllubakkaskóli

Mættir: Myllubakkaskóli: Hrafnhildur, Álfheiður **Holtaskóli:**Albert. **Njarðvíkurskóli:** Anna. **Heiðarskóli:** Víðir, Viktor
Sóley formaður og Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

1. mál: Fundur Fræðsluráðs 21. mars sl.

Sóley greinir frá sl. fundi Sjá meðfylgjandi fundargerð.

-Drög að **breytingum vegna reglna um skólahverfi** voru lögð fram, árgangur 95-99 á rétt á inngöngu í Akurskóla haust 2005, færist upp um 1 árgang árlega.

-Fræðslustjóri vill hugsanlega samstarf við foreldrafélögin við að leggja fram **viðhorfskönnun** til foreldra. Erfitt í framkvæmd þar sem engir foreldradagar/viðtöl eru eftir á skólaárinu. Allir sammála um það væri best að tengja það við slíkt.

-**Mötuneyti.** Anna segir frá umræðum í foreldraráði Njarðvíkurskóla, þ.e. að bjóða út mat og leggja niður mötuneyti í skólunum. Foreldrar hafa áhyggjur af því að næringargildi matarins minnki. Álfheiður segir að með þessu verði hnignun hollustulega séð. Bendir á www.skolamatur.is, sem er heimasíða Matarlyst. Samþykkt að Ingibjörg **skrifi sem fyrst bréf til Fræðsluráðs**, óski eftir frekari upplýsingum, lýsi yfir áhyggjum foreldra og óska eftir því að markmið mannelisráðs séu höfð að viðmiði þegar ákvörðun um tilboð útboðsaðila verði tekin.

-Víðir greinir frá heimsókn til grunnskólans í Grindavík, þar sem starfsmenn Axels sjá um mötuneyti, börnin fá mat á diska en ekki í bakka. Víðir greindi frá ánægju viðkomandi skólastjóra með þetta fyrirkomulag og leist sjálfum ágætlega á. Enginn munur fyrir börnin, nema ekki eins opið fyrirkomulag og er nú í Reykjanesbæ, heldur áskrift eða hægt að kaupa stakar máltíðir.

2. mál: Staða mála hjá foreldrafélögum/ráðum.

Njarðvíkurskóli: Haldinn fundur 7. mars vegna foreldrasamninga þar sem kynnt var fyrir foreldrum, ekki nógu vel mætt samt, stundum bara bekkjarfulltrúar. Foreldrasamningar liggja hjá umsjónarkennurum og foreldrum bent á að skrifa undir þar.

Heiðarskóli: Sameiginlegur fundur bekkjarfulltrúa og fundur vegna námshópa 10.bekkjara verða haldnir á næstu 2 vikum.

Holtaskóli: Búið að halda bekkjarfulltrúafund, góð mæting eða 40 manns. Fulltrúar í öllum bekkjum nema þremur. Komin ný heimasíða.

Myllubakkaskóli: Foreldrasamningar ekki á dagskrá, nema hjá einstökum bekkjarfulltrúum.

Árshátíð: Alberti þakkað fyrir góða hjálp vegna kaupa á nellikum fyrir árshátíð. Álfheiður bendir á að fyrir næstu árshátíð að hafa tékklista með nöfnum nemenda, hverjir hafa fengið nellikur og hverjir ekki, vegna þess að sumir forfallast vegna veikinda og annara ástæðna.

3. mál: Vinnuhópar-nemendasamningar/samstarf heimila og skóla

Nemendasamningar: Einn fundur haldinn, næsti fundur verður í Barnaskóla Stokkseyrar og Eyrarbakka, Hrafnhildur bíður eftir staðfestingu frá þeim og boðar til næsta fundar.

Samstarf H og S: Tveir fundir haldnir og þriðji nk. mánudag 4.apríl. Ákveðið að halda málþing í september nk. og hópurnir standi að undirbúningi fyrir það.

4. mál: Ráðstefna um drengjamenningu

Sóley og Víðir lýstu yfir mikilli ánægju með ráðstefnuna, niðurstöður ekki komnar til þátttakenda á tölvupósti enn. Sóley bendir á fyrirlestra af ráðstefnunni á síðunni:

www.congress.is Bendir einkum á erindi Margrétar Pálu Ólafsdóttur.

5. mál: **Fræðslukvöld FFGÍR með foreldrum:**

Netnotkun barna og unglunga, 7. apríl nk. í 88 Húsinu. Þarf að virkja betur foreldra til að mæta. Ákveðið að Ingibjörg útbýr blöðung til að senda stjórn foreldrafélaga til að dreifa til bekkjarfulltrúa-biðja þá um að láta senda í töskupósti til foreldra.

-Nauðsynlegt að við mætum líka sjálf á viðburði sem eru á okkar vegum og allir innan FFGÍR eru hvattir til að mæta.

6. mál: **Forvarnarmál**

Frestað, Einar fjarverandi.

7. mál: **Önnur mál skv. dagskrá**

a. Enginn viðstadda fór á foreldrakvöld í KHÍ 8.mars.

b. **Næsta foreldrakvöld 12. apríl**

Uppeldisáhrif fjölmiðla - Hver eru áhrif fjölmiðla á börn og unglunga?

Hvernig tökumst við sem foreldrar á við áhrif fjölmiðla inn í

fjölskyldulífið? Hvað viljum við gera hvað getum við gert?

Foreldrakvöldin hefjast kl. 20:00 og eru til 22:00 í Hjalla (H207) nýju byggingu Kennaraháskólans við Stakkahlíð.

c. Ingibjörg kynnir opið málþing á vegum Menntamálaráðuneytis,

“Fljótandi skil leikskóla og grunnskóla” 1.apríl, kl. 13-16:45.

d. Vefhýsing mun sjá um grafíska hönnun á heimasíðu FFGÍR svo það náist örugglega fyrir vorið. Búið að samþykkja tilboð frá þeim um það upp á ca. 40 þús. Ingibjörgu gekk ekki vel að teikna þetta upp sjálfri eins og hafði verið samþykkt áður.

e. Ingibjörg mun starfa fram í byrjun/miðjan maí síðasta lagi vegna barnsburðar.

Önnur mál utan dagskrár:

Eftir fyrirspurn Önnu frá Foreldraráði Njarðvíkur um viðhorf FFGÍR til **samræmdu prófa** í grunnskólum, var ákveðið að halda umræðukvöld um það efni og fá inn ólík sjónarmið um það efni, kosti og galla. Í undirbúningshópi fyrir það eru Ingibjörg, Anna, Víðir og Álfheiður.

Ingibjörg boðar til fundar fljótlega þar sem hugmyndir um frummælendur og dagskrá eru reifaðar, og ræðir við fræðslustjóra um það mál.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur þriðjudaginn 26. apríl í Myllubakkaskóla kl. 17:15